

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Birni Val Gíslasyni
um greiðslur úr ríkissjóði til lækkunar höfuðstóls verðtryggðra
fasteignalána eða fasteignaveðlána.

1. *Hversu hárrí upphæð af þeim 80 milljörðum kr. sem greiða á úr ríkissjóði vegna lækkunar íbúðalána verður ráðstafað til að greiða:*
 - a. *fasteignaveðkröfur sem glatað hafa verðtryggingu sinni í kjölfar nauðungarsölu eða annarrar ráðstöfunar eignar eftir 1. janúar 2008 og ekki hafa verið felldar endanlega niður gagnvart umsækjanda, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 35/2014,*
 - b. *greiðslujöfnunarreikning skuldara hjá fjármálastofnunum,*
 - c. *vanskil skuldara við fjármálastofnanir (sundurliðað eftir fjármálastofnunum),*
 - d. *dráttarvexti skuldara vegna vanskila á greiðslum (sundurliðað eftir lánastofnunum),*
 - e. *skuldir af öðrum ástæðum, sbr. 11. gr. laga nr. 35/2014?*

Ráðherra hyggst leggja fyrir Alþingi ítarlega skýrslu um niðurstöður höfuðstólslækkunar húsnæðislána þar sem m.a. verður fjallað um þau atriði sem spurt er um í þessari fyrirspurn. Skýrslan mun byggjast á stöðu úthlutunar eins og hún verður við lok samþykkisfrests á ráðstöfun leiðréttingarfjárhæðar en eins og er vantar of mikið upp á endanlegar niðurstöður til að skynsamlegt sé að draga nægilega marktækar ályktanir um þetta mál. Reiknað er með því að skýrslan verði tilbúin og kynnt á vörþingi.

2. *Er ríkisábyrgð á greiðslujöfnunarreikningum skuldara hjá fjármálastofnunum?*
Nei, ekki er ríkisábyrgð á greiðslujöfnunarreikningum skuldara hjá fjármálastofnunum.

